



FRANSKA 1A05

Námsáætlun, haustönn 2021

Kennarar:

Eva Leplat Sigurðsson

Netfang/netföng:

eva.sigurdsson@borgo.is

Lýsing:

Frá upphafi er færniþáttunum fjórum, tali, hlustun, lestri og ritun, sinnt jafnhliða. Í byrjun er sérstök áhersla lögð á framburðarkennslu því mikilvægt er að nemendur temji sér góðan framburð strax í byrjun. Nemendur æfa að tala og skrifa um sjálfa sig, fjölskyldu sína, vini og nánasta umhverfi. Einnig æfast þeir í samskiptum við ákveðnar aðstæður í daglegu lífi. Nemendur rita einfalda texta sem byggjast á orðaforða sem áður hefur komið fyrir í kennslunni. Unnið er með einfalda texta. Markviss uppbygging orðaforða og kennsla í grunnatriðum málfræði fer fram með hliðsjón af markmiðum áfangans. Löndin og menning þeirra eru kynnt samhliða námsefninu. Nemendur fá grunnþjálfun í notkun orðabóka og upplýsingaleitar á netinu. Lögð er áhersla á sjálfstæð og vönduð vinnubrögð.

Markmið (þekking, leikni, hæfni):

Að nemendur:

- skilji talað mál um kunnugleg efni þegar talað er skýrt.
- geti lesið einfalda texta sem innihalda algengan orðaforða sem tengist daglegu lífi og unnið með þá á mismunandi hátt.
- geti tekið þátt í einföldum samræðum um efni sem þeir þekkja og sagt á einfaldan hátt frá sjálfum sér, fjölskyldu sinni og atburðum daglegs lífs.
- geti skrifað stuttan, einfaldan texta um sjálfan sig og sitt nánasta umhverfi.
- hafi fræðst um frönskumælandi lönd og fengið innsýn inn í menningu þeirra.
- hafi náð tökum á nokkrum grundvallaratriðum franskrar málfræði.
- hafi tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð, t.d. með notkun Internetsins, orðalista og málfræði.
- geti metið eigin frammistöðu í námi með aðstoð gátlista og sjálfsmatsverkefna

hafi tileinkað sér jákvætt viðhorf til frönskunámsins og öðlast trú á eigin kunnáttu.

Námsmat:

- 10%** 1. hlutapróf - orðaforði – lesskilningur – málnotkun
- 20%** 2. hlutapróf - orðaforði – lesskilningur – málnotkun
- 25%** 3. hlutapróf - orðaforði – lesskilningur – málnotkun
- 15%** Ritunarbók (A5 bók – nokkur ritunarverkefni)
- 10%** Hlustunarpróf
- 5%** Upptökuverkefni 1
- 5%** Upptökuverkefni 2
- 10%** Munnlegt próf (viðtal)



Námsgögn:

A5 stílabók fyrir ritunarverkefni, A4 plastmappa með glærri forsíðu og efni frá kennara (INNA).

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Til að nemandi standist áfangann þarf hann að fá **4,5** í meðaleinkunn. Nemandur sem eru veikir eða með gilda afsökun eiga möguleika á að taka það próf sem þeir misstu af í námsmatstíma fljótlega á eftir eða í samráði við kennara.

Notkun snjallsíma er bönnuð í kennslustundum nema með leyfi kennara.

Þegar kennslan fer á Zoom verða nemendur að vera með hljóð og mynd.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats-þættir
1	18.-20. ágúst	kynning á áfanganum - Saluer et se présenter	
2	23.-27. ágúst	Préférences	
3	30. ágúst-3. sept.	Préférences	
4	6.-10. sept.	Les pays et les nationalités	Ritunarbók 5% Nýnemahátíð
5	13.-17. sept.	Les pays et les nationalités	
6	20.-24. sept.	Les professions	Hlutapróf 1 - 10 %
7	27. sept.- 1. okt.	Parler de soi en simples phrases	Upptökuverkefni 1 – 5% Varða I
8	4. okt.- 8. okt.	La famille	Ritunarbók 5%
9	11. okt.- 15. okt.	Le calendrier et les dates	
10	18. - 21. okt.	Le temps	Upptökuverkefni 2 – 5% Hausthlé
11	26. - 29. okt.	Parler de son entourage	Hlutapróf 2 - 20% Hausthlé
12	1.-5. nóv.	Demander son chemin	Varða II
13	8.-12. nóv.	Communiquer à distance	Ritunarbók - 5%
14	15.-19. nóv.	Les moments de la journée	
15	22.-26. nóv.	L'heure	Hlustun - 10%
16	29. nóv - 3. des.	les marqueurs de temps	Hlutapróf 3 - 25%
17	6.-10. des.	Munnlegt próf og bland í poka	Munnlegt próf (viðtal) - 10 %
18	13.-17. Des.	Einkunnaskil	Kennslu lýkur Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.